

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík 14. nóvember 2017
UST201711-089/P.B.S.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Helgustaðanáma

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Fjarðabyggðar dags. 10. nóv sl., vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan Helgustaðanámu.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi til að hamla aðgengi ferðafólks að því að skemma silfurbergsæð sem er staðsett á gamla námuvinnslusvæðinu. Framkvæmdin felur í sér uppsetningu girðingar. Ljósavél verður notuð til að knýja áfram höggborvél. Ljósavélin verður flutt á hjólbörum upp göngustíg að námunni. Fjöldi starfsmanna sem koma að framkvæmdinni eru tveir.


Áhrifamat:

Mannvirkjagerð og annað jarðrask innan Helgustaðanámu er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. reglur auglýsingar um náttúruvætti nr. 252/1975. Um er að ræða mannvirkjagerð til að bæta verndun silfurbergs og eru framkvæmdirnar afturkræfar. Rask er ekki talið líklegt til að skerða ásynd svæðisins. Verið er að vinna að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir hið friðlýsta svæði og er vinnan á lokastigi.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

René Biasone
Sérfræðingur

